

Rafgítar

Vörðupróf I

1. Verk (36 einingar)

- Twö ólík aðallög (**12 einingar hvort**) flutt með hljómsveit, undirleik kennara, hljóðrituðum eða tölvugerðum undirleik. Leika skal laglínu, sóló og undirleik. Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðprófs.
- Eitt lag af átta laga safnlista valið af prófdómara. Flutt eins og nefnt er hér að ofan. (**12 einingar**). Leika skal laglínu, sóló og undirleik. Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðsprófs.

2. Upprit (12 einingar)

Upprit flutt með upprunalegri hljóðritun. Þarf ekki að vera upprit nemanda, þarf ekki að vera skráð á nótur og þarf ekki að vera lært utanað. Viðmiðunarlengd 32 taktar.

2. Upprit (12 einingar)

Upprit flutt með upprunalegri hljóðritun. Þarf ekki að vera upprit nemanda og þarf ekki að vera lært utanð. Viðmiðunarlengd 32 taktar.

3. Æfing (12 einingar)

Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðprófs

4. Tónstigar og hljómar (15 einingar)

Lágmarkshraði miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur er MM 100

Allir dúrtónstigar Fyrsta fingrastaða (opnir strengir)

Allir dúr, jazzmoll og hljómhæfur moll Þrjár fingrasetningar

Allar kirkjutóntegundir Þrjár fingrasetningar

Allir blústónstigar Þrjár fingrasetningar

Allir dúr og moll pentatonik Þrjár fingrasetningar

Slegnir og brotnir hljómar

Allir dúr, moll, dim og aug þríhljómar Þrjár fingrasetningar

Allir maj7, m7, dom7 og m7b5 Þrjár fingrasetningar

5. Val (10 einingar)

Nemandi velji eitt eftirtalinna:

- Leiki frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur miðprófsverefni.
- Leiki verk úr klassískri námskrá af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.

6. Óundirbúinn nótnalestur (10 einingar)

Þyngdarstig á milli grunnprófs og miðprófs.

- a. Hefðbundinn nótnalestur (5 einingar).
- b. Lestur bókstafshljóma og spuni yfir þá (5 einingar).

7. Heildarsvipur (5 einingar)

Vörðupróf II

1. Verk (36 einingar alls)

Þyngdarstig á milli miðprófs og framhaldsprófs.

- a. Tvö ólík aðallög, flutt með hljómsveit (**12 einingar hvort**). Leika skal leika skal laglínu (chord-melody í öðru laginu), sóló og undirleik.
- b. Eitt lag af 22 laga lista, flutt með hljómsveit - valið af prófdómara (**12 einingar**). Leika skal laglínu, sóló og undirleik.

2. Upprit (12 einingar)

Gert af nemanda, afrit afhent prófdómara, flutt utanbókar og með upprunalegri upptöku. Viðmiðunarlengd 64 taktar.

3. Æfing (12 einingar)

Þyngdarstig á milli miðprófs og framhaldsprófs.

4. Tónstigar og hljómar (15 einingar)

Lágmarkshraði miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur er MM 160

Allir dúrtónstigar: 12 fingrasetningar eða allar tóntegundir í einni fingrastöðu

Allir lydian b7 og altered: Þrjár fingrasetningar.

Allir dimtónstigar (1-1/2 og #-1): Ein fingrasetning.

Krómatískur tónstigi: Frá hvaða nótu og hvaða fingri sem er.

Allir heiltónatónstigar: Ein fingrasetning.

Slegnir og brotnir hljómar

Allir maj9, 6/9, dom9, m9, m11 og 7sus

Allir 7b5, 7#5, 7#9, 7b9

Allir 7b5b9, 7b5#9, 7#5b9 og 7#5#9

5. Val (10 einingar)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Leiki frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- b. Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur verkefni prófsins.
- c. Leiki verk á annað hljóðfæri úr sömu fjölskyldu og aðalhljóðfæri.

6. Óundirbúinn nótnalestur (10 einingar)

- a. Hefðbundinn nótnalestur.
- b. Lestur bókstafshljóma og spuni yfir þá.

- c. Tónflutningur úr C. (Á eingöngu við um nemendur á trompet, saxófón og önnur tónflytjandi hljóðfæri.)

7. Heildarsvipur (5 einingar)